

FORVARNIR ERU BESTA LEIÐIN

Ráðstefna um forvarnir gegn
kynferðislegu ofbeldi á börnum
í Háskólanum í Reykjavík
dagana 19. og 20. maí 2009



Skráning á
www.blattafram.is

Markmið

Markmið ráðstefnunnar er að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið í að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Þegar forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum eru ræddar eru viðbrögð almennings oft ótti, reiði og afneitan og er það miður. Um leið og lagðar eru fram tillögur um að þessi mál séu rædd, blátt áfram og í dagsljósinu þarf jafnframt að taka ábyrgð á því að vera gott fordæmi fyrir umhverfið. Það er gert með því að vekja athygli á þeim fjölda leiða sem eru færar til þess að fræðast um og fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Á þessari ráðstefnu verður lögð áhersla á meðferðarúrræði fyrir þolendur og unga gerendur kynferðislegs ofbeldis.

Á ráðstefnunni verður einnig haldið áfram að vekja fólk til umhugsunar um að ofneysla áfengis, fíkniefna og lyfja er oft nátengd kynferðislegri misnotkun og/eða öðrum áföllum í æsku, eins og fjölmargar rannsóknir gefa til kynna.

Ráðstefnan er öllum opin og fer fram á ensku.

Fundarstjórar – Guðrún Ebba Ólafsdóttir grunnskóla kennari og Sigríður Björnsdóttir Framkvæmdarstjóri Blátt áfram. Verð 9.500 kr. og 5.500 kr. fyrir nema og atvinnulausa.

Allar helstu upplýsingar er að finna á www.blattafram.is eða hjá Svövu Björnsdóttur svava@blattafram.is



Samstarfsaðilar:



Dagskrá

Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu setur ráðstefnuna.

David Burton MSW, Ph.D. – Erindi um þann hóp sem fer örst vaxandi í kynferðisbrotum; ungmenni sem gera sig sek um kynferðislega misnotkun. David Burton mun fjalla um rannsóknir og samanburð á meðferðarúrræðum fyrir unga gerendur. Burton mun einnig kynna helstu meðferðarúrræði fyrir þolendur ofbeldis.

Linn Getz MD, Ph.D. – Áföll í æsku - leiðandi orsakir sjúkdóma á fullorðin-sárum og ótímabærs dauða.

Britt Fredenman, Project Leader for BellaNet, WOCAD – Kynnir verkefni sem hjálpar unglíngstúlkum sem misnota áfengi og eiturlyf og sýnir tengsl við ofbeldi sem margar þeirra hafa orðið fyrir.

Þorbjörg Sveinsdóttir, B.A. – Kynnir starfsemi Barnahúss og svarar spurnin-gum um þjónustuleiðir fyrir börn sem sætt hafa ofbeldi.

Gerður Árnadóttir, Þroskahjálpi – Kynnir fræðsluefni og nýútkominn bækling ætlaðan ungu fólki með þroskahömlun.

SAFT, vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglíngja – Erindi um öryggi barna á Internetinu og samstarf við EFF2, framleiðanda Videntifier Forensic hugbúnaðarins sem gerir lögreglu auðveldara með að finna ólöglegt myndefni á netinu og í tölvum.

Stígámót – kynning á þjónustu Stígámóta.

Sólstafr Vestfjarða – Erindi um samstarf við Blátt áfram og árangur þess með forvarnarátakið Verndarar Barna.

Blátt áfram – Erindi um forvarnarfræðslu sem er í boði hjá Blátt áfram. Einnig býðst ráðstefnugestum að taka þátt í námskeiðinu Verndarar Barna.